



## Stjórnarfundur 2 þriðjudaginn 1. nóvember 2016 kl. 16.30 á skrifstofu BLÍ.

Mætt; Jason Ívarsson, formaður, Stefán Jóhannesson, Árni Jón Eggertsson, Hrafnhildur Theódórsdóttir, Einar Ólafsson og Sigurbjörn Árni Arngrímsson  
*Afboð og mættu ekki:* Kristín Harpa Hálfðánardóttir Steinn Einarsson.

### Dagskrá

- Evrópukeppnin
- Bikarkeppnin - styrktaraðili
- Erlend samskipti
- Staða á iðkendagjaldi
- Önnur mál

### Fundargerð

#### Evrópukeppnin

- Búið er að negla dagsetningu fyrir EM, 12.-14. maí 2017. Komudagur liða er 11. maí og brottfarardagur 15. maí. Liðin munu gista á Reykjavík Lights og spilað verður í Laugardalshöllinni.
- Framkvæmdanefndin er þegar byrjuð að funda á fullu um þetta verkefni.

#### Bikarkeppnin

- Unnið er hörðum höndum að því að semja við fyrirtæki um nafnið á keppninni.
- Úrslitaleikirnir verða í beinni útsendingu á RÚV þann 9. apríl, sem hápunktur Íþróttavíku RÚV sem er nýtt hugtak sem unnið er með hjá RÚV. Mikill áhugi er fyrir vikunni þar sem margar beinar útsendingar verða frá hinum ýmsu íþróttaviðburðum.

#### Erlend samskipti

- Jason sagði frá því helsta sem fram fór á Heimspingi FIVB í Argentínu. Nefndi þar m.a. verkefni um Blak í skóla og götublak.
- Mjög er brýnt fyrir blaksamböndum að nota samfélagsmiðla undir sína starfsemi til að koma sér á framfæri.
- Rætt var um daggjaldið hjá CEV. Það er of lágt til að hægt sé að standa í mótahaldi hér á Íslandi. Jason mun reyna að fá þetta hækkað á þingi SCD sem er í nóvember.

#### Önnur mál

- Sævar nefndi að það þyrfti að fá nýja fána og merki fyrir verkefni vorsins. Ættum að fara að huga að því að reikna upp eitthvað sniðugt fyrir leikmannagjafir, segla, penna eða merki.
- Stefán ræddi aðeins um landsliðsmál. Sagði frá þeim verkefnum sem eru búin og það sem framundan er, s.s. eins og yngstu landsliðin til Danmerkur rétt fyrir jólin. Að því sögðu var ákveðið að Sævar og Jón Ólafur myndu fara sem dómara í það mót. A landslið karla fer svo á NOVOTEL CUP um áramótin og svo er U19 karla að fara til Rúmeníu 11. janúar í EM í fyrsta sinn.
- Hrafnhildur Theódórsdóttir setti fram tillögu að vera með árs- og uppskeruhátíð 26. mars nk. Málið rætt lítilega og ákveðið að skoða hvort þetta sé möguleiki.

Fleira var ekki rætt á fundinum

*Fundi slitið kl. 18.30*

*Sævar Már Guðmundsson ritaði fundargerð*